



278. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn mánudaginn 11. mars 2019, kl. 15:00 á skrifstofu SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Ingibjörg Kjartansdóttir var forfölluð og í hennar stað mætti Einar Bjarnason (EB), Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice, Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, Ingunn Jónsdóttir, ráðgjafi SASS, og Valdimar Hafsteinsson frá Atorku.

1. Kynningarmál

Á fundinn mætti Ingunn Jónsdóttir, ráðgjafi SASS, ásamt Bjarna Guðmundssyni frkvstj. SASS, og kynnti tillögu að kynningaráætlun fyrir Sorpstöð Suðurlands í tengslum við lífrænan úrgang og aðra umhverfisvernd. Ákveðið að unnið verði áfram í takt við þær áherslur sem settar voru fram í tillögunni.

2. Samkomulag um samstarf vegna förgunar úrgangs á árinu 2019

Lagt fram samkomulag milli Sorpurðunar Vesturlands hf., Norðurár bs. og Sorpstöðvar Suðurlands bs. um samstarf vegna förgunar úrgangs á árinu 2019. Stjórn staðfestir þátttöku SOS í framlögðu samkomulagi og felur formanni að skrifa undir. Stjórn SOS felur SASS að sjá um umsýslu við framkvæmd samkomulagsins og útteildingu kostnaðar.

3. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Lagt fram minnisblað Stefáns Gíslasonar um stöðu mála hvað varðar val á leiðum til förgunar á vegum SOS. Helstu þættir eru þar tíundaðir í sex minnispunktum. Stefán mun halda áfram að vinna að úrlausn þessara mála.

4. Flokkunarskylda fyrirtækja

Valdimar Hafsteinsson frá Atorku, samtökum atvinnurekenda á Suðurlandi, mætti til fundar. Rætt var um stöðu sveitarfélaga og fyrirtækja á Suðurlandi í ljósi breytinga á förgun úrgangs. Atorka mun skoða að halda kynningarfund fyrir atvinnurekendur um stöðu mála.

5. Önnur mál

Formaður og AKH munu sækja fund um endurskoðun svæðisáætlunar, sem haldinn verður í SORPU 18. mars næstkomandi.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn þriðjudaginn 9. apríl nk. kl. 15:00 í húsnæði SASS.

Fundi slitið klukkan 17:00